

Borgarráð 6.9.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um viðbrögð vegna útgjalda vegna langtímaveikinda R18090022

Í árshlutareikningi Reykjavíkurborgar fyrir janúar-júní 2018 kemur fram að útgjöld vegna langtímaveikinda hafi numið alls um 357 m.kr í grunnskólum, leikskólum og frístund og að gjaldfærð langtímaforföll í grunnskólum og leikskólum séu samtals 62 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu, sem bendir til þess að vandinn sé meira en gert var ráð fyrir. Þetta sýnir fram á að vandinn er augljóslega meiri en borgin gerir ráð fyrir. Draga má þá ályktun að mikið álag sé á starfsfólkinu í þessum störfum og geta langtímaforföll m.a. átt sér stað vegna útkeyrslu og kulnunar í starfi. Hafa ástæður þessara langtímaveikinda verið kannaðar? Er mögulega eitthvað í starfsumhverfi sem ýtir undir þessi langtímaveikindi? Hvernig hyggst borgin bregðast við þessum miklum langtímaveikindum starfsfólks síns? Hver hafa útgjöld verið vegna langtímaveikinda á þessum starfsviðum síðustu tíu ár? Hefur aukning átt sér stað í langtímaveikindum starfsfólks á þessum starfsviðum síðustu tíu árin?